

**Nd.**

**650. Breytingartillögur**

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar gr.
  - a) (1. gr.) 8. gr. orðist svo:

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkv. lögum þessum nema sýslunefndir ákveði annað um sýsluvegi.
  - b) (2. gr.) Burt falli úr 1. másl. 9. gr. orðin „svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt“.
2. Á eftir 3. gr. (er verði 5. gr.) komi ný gr. (er verði 6. gr.), svo hljóðandi:
  1. málsgr. 17. gr. orðist svo:

Sýslunefndir semja, í samráði við Vegagerð ríkisins, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi til fjögurra ára í senn.
3. Við 6. gr. (er verði 9. gr.) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kauptúnahreppar með 200 íbúa eða fleiri eru undanþegnir gjaldi þessu. Sú undanþága nær þó aðeins til þess hluta hrepps, sem er innan eðlilegra þéttbýlismarka.
4. 8. gr. (er verði 11. gr.) orðist svo:
  28. gr. orðist svo:

Af tekjum vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega fjárhæð, sem sé eigi lægri en þreföld heildarupphæð álagðra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land.

Vegamálastjóri annast greiðslu á framlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóða samkv. 1. málsgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur.

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkv. 21. gr., skal ásamt mótramlagi ríkissjóðs renna óskipt til sýsluvega í þeim hreppi.
5. Við 10. gr. (sem verði 13. gr.). Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í stað orðanna „12½ af hundraði“ komi: 12 af hundraði.